

# Lög

## um breytingu lagaákvæða um aðgang að sjúkraskráum o.fl.

### I. KAFLI

#### Breyting á lækna­lögum, nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990 og lög nr. 50/1996.

##### 1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læk­nis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um skáningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

##### 2. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt taka lög­in til skýrslna sálfræðinga og félagsráðgjafa hvort sem þær teljast skrár í skilningi 2. mgr. eða ekki.

##### 3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læk­nis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

### III. KAFLI

#### Breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

##### 4. gr.

2.–4. másl. 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

##### 5. gr.

4. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Um aðgang sjúklings að upplýsingum úr sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

### IV. KAFLI

#### Gildistaka.

##### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

*Samþykkt á Alþingi 17. maí 1997.*